



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

*Sent í samráðsgátt*  
Reykjavík, 11. janúar 2021

**Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um Matvælastefnu fyrir Ísland til ársins 2030**

*Tilv. 202101-0001*

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 16. desember 2020 þar sem óskað var eftir umsögnum um Matvælastefnu fyrir Ísland til ársins 2030 (mál nr. 271/2020). Bændasamtökin fagna því að stefnan sé loks komin fram en samtökin áttu fulltrúa í verkefnisstjórn um gerð stefnunnar.

Bændasamtökin leggja þunga áherslu á að fá að taka þátt í nánari útfærslu á einstökum liðum í aðgerðaáætlun, sér í lagi 1., 3., 4., 5., 7., 13., 17., 20. og 31. lið. Varðandi 4. lið er snýr að endurskoðun hvata gildandi búvörusamninga þarf að vanda vel til verka. Gæta þarf þess að slík endurskoðun raski ekki stöðugleika og fyrirsjáanleika í rekstri framleiðenda. Áætlanir og ákvarðanir í fjárfestingum byggja á gildandi samningum hverju sinni og nauðsynlegt er að aðlögun að breyttum áherslum verði gefinn eðlilegur og sanngjarn tímarammi. Þá stendur yfir vinna í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Gæta þarf að því að hvor stefna um sig að stuðli að því að markmiðum hinnar verði náð og að þær gangi ekki gegn hvorri annarri.


Athygli vekur að þriðja markmið matvælastefnu sem kveður á um að árið 2030 verði matvælaframleiðsla sjálfbær. Á síðu sex í stefnunni er að finna skilgreiningu á hugtakinu sjálfbærni en þar segir að í sjálfbærni felist m.a. friður, öryggi og efnahagslegur vöxtur. Sjálfbærni er hugtak sem skilgreint hefur verið með ýmsum hætti. Sú skilgreining sem gengið er út frá við í matvælastefnunni er afar víðtæk og e.t.v. svo víðfeðm að erfitt er að líta til markmiðsins í framkvæmd. Í tengslum við stefnumótun og lagaumhverfi matvælaframleiðslu og landbúnaðar er gríðarlega mikilvægt að hugtakið sjálfbærni verði skilgreint með skýrum hætti.

Bændasamtökin hafa ítrekað brýnt fyrir mikilvægi aukins raforkuöryggis, jöfnu aðgengi og kostnaði raforku um land allt og fagna því að slíkt markmið sé að finna í aðgerðaáætlun. Aðgengi að raforku og fjarskiptaneti um land allt er grunnforsenda þess að efla megi matvælaframleiðslu og samkeppnishæfni og því þarf að setja vinnu við að tryggja það í forgang.



Að lokum benda samtökin á að nauðsynlegt er að einstökum atriðum í aðgerðaáætlun verði settur tímarammi og þeim jafnframt forgangsraðað.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands



---

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir